

Mál nr. 285/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Líf- og sjúkdómatrygging.

Upplýsingaskylda váttryggingartaka við töku váttryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttakið 13. ágúst 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 8. september 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 28. nóvember 2025, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 15. desember 2025.

Málsatvik.

Í málskoti og fyrirbyggjandi gögnum kemur fram að M hafi greinst með taugakerfisröskun (MS) seint í apríl 2025. Hafi hann í kjölfarið sent tilkynningu þessa efnis til V með ósk um að staðfestur yrði bótréttur hans úr sjúkdómatryggingu. V hafi hins vegar hafnað bótarétti með þeim rökum að þegar M tók umrædda tryggingu 25. júní 2024 hafi hann vanrækt að upplýsa um rannsóknir sem hann fór í 24. mars 2023, vegna gruns um taugakerfisröskun (MS). Mótmælir M þessari afstöðu V enda hafi niðurstaða rannsóknanna 2023 verið neikvæð. Telur M að vegna þessa hafi honum ekki borið að upplýsa V um rannsóknirnar. Segist M því hafa verið í góðri trú um að hann væri heilbrigður er hann tók sjúkdómatrygginguna hjá V 2024.

Í athugasemdum frá V, dags. 8. september 2025, er upplýst að þegar M keypti líf- og sjúkdómatryggingu hjá V þann 25. júní 2024 hafi hann svarað öllum spurningum á umsóknareyðublaðinu neitandi. Vegna þessa og í ljósi ungs aldurs M hafi umsóknin því farið í svokallað sjálfvirkir ferli og trygging verið gefin út án sérstakrar skoðunar hjá starfsmanni V. Tekur V fram að vegna þess hvernig M fyllti út umsóknina hafi ekki gefist tilefni til að óska eftir frekari gögnum og því hafi tryggingin verið gefin út sjálfvirkir án nokkurra athugasemda.

V byggir á því að M hafi við kaup líf- og sjúkdómatryggingar 2024 vanrækt upplýsingaskyldu sína verulega með þeim afleiðingum að ábyrgð félagsins hafi fallið niður að öllu leyti, sbr. 2. mgr. 82. gr. og 2. mgr. 83. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 (VSL). Bendir V á að á umsóknareyðublaði líf- og sjúkdómatryggingar séu þeir sem vilja kaupa tryggingarnar m.a. beðnir um að upplýsa um tóbaks- og nikótínnotkun sína. Hafi M upplýst að hann hafi aldrei reykt. Þá hafi verið spurt að eftirfarandi varðandi vímuefnanotkun „Neytir þú eða hefur þú neytt vímuefna eða vímugjafa, þar með talið kannabis?“ Þessari spurningu hafi M einnig svarað neitandi. Einnig hafi verið spurt hvort umsækjandi hafi núna eða hafi áður haft eftirtalda sjúkdóma eða sjúkdómseinkenni og/eða leitað læknis vegna þeirra? • Taugasjúkdómar svo sem heilablóðfall, flogaveiki, svimi, lömum, mígreni, vöðvarýrnun (muscular dystrophy), MS eða MND ? • Þungyndi, kvíði, ADHD eða aðrir geðsjúkdómar? Þessum spurningum hafi M svarað neitandi. Jafnframt hafi eftirfarandi spurning verið á umsóknareyðublaðinu: „Fyrir utan þá sjúkdóma og einkenni sem þú hefur nú þegar sagt okkur frá: Hefurðu leitað til læknis eða heilbrigðisstofnunar undanfarin þrjú ár eða hefur þú í hyggju að gera það? Hér er t.d. ekki átt við minniháttar áverka, kvef eða umgangspestir.“ Þessari spurningu svaraði M einnig neitandi. Loks hafi verið spurt hvort V hafi synjað umsækjanda um heilsutryggingu og þeirri spurningu hafi M einnig svarað neitandi þrátt fyrir að hafa sótt tvisvar sinnum áður um líf- og sjúkdómatryggingu og fengið synjun. M hafi því svarað öllum öðrum spurningunum á váttryggingarumsókninni neitandi þrátt fyrir að í samantekt umsóknarinnar hafi M verið hvattur til að fara vel yfir upplýsingarnar. Þá hafi M ekki getað komist í gegn um umsóknarferlið án þess að staðfesta að allar upplýsingar sem gefnar höfðu verið séu réttar.

V bendir einnig á að meðal gagna málsins sé sjúkraskrá M vegna tímabilsins 1. janúar 2023 til 16. maí 2025. Telur V að þar komi fram upplýsingar sem sýni að M hafi vanrækt verulega upplýsingaskyldu sína við töku váttryggingarinnar, sbr. t.d. eftirtaldar færslur úr sjúkraskránni. M hafi 11. febrúar 2023 leitað á bráðamóttöku vegna krampa/flogs. Í framhaldinu, þ.e. frá seinni hluta mars og fram í miðjan apríl 2023, hafi M undirgengist þó nokkrar mismunandi rannsóknir vegna gruns um taugakerfisröskun. Hluta af niðurstöðum þeirra rannsókna megi sjá í færslu dags. 29. mars 2023 þar sem segi: „Bilatreal supratentorial hvítefnisbreytingar með a.m.k. einni periventriculer lesion sem vekur nokkurn grun um

demyeliserandi sjúkdóm.“ Í rannsókn frá 29. mars 2023 segi „Supratentorialt sjást margar smáar hvítfnabreytingar flestar í nálægð við heilahólf en engar aðrar segulskinbreytingar, hvorki í heila eða mænu og engin sjúkleg upptaka skuggaefnis. Óverulegar breytingar. Niðurstaða Engar nýtilkomnar MS lesionir og engin skuggaefnisupphleðsla.“ Í færslu frá 30. mars 2023 sjáist að það hafi verið vel útskýrt fyrir M að það sáust einhverjar bólgubreytingar, gamlar eða nýjar. Sjúkraskráfærsla 4. apríl 2023: „28 ára maður sem var með flog og kemur í ljós að han [sic] er með breytingar sem vekja grun um demylinserandi sjúkdóm, breytingar samrýmast MS breytingum og þarf að kortleggja heila og mænu líka með skuggaefni, engin fyrri mænumynd.“ Í sjúkraskrá 12. apríl 2023 komi fram: „Beiðni: Flog. [M] búinn [sic] að fara í EGG sem var eðlilegt, MRI heili sýndi einhverjar breytingar og því sendur í MRI höfuð og mæna m. skuggaefni. Hringi í [M] í samráði við APS (engin deildarlæknir í dag). Skv. svari kemur segulómskoðunin eðlilega út. En það verður farið betur í gegnum þetta með honum þegar fær nst.viðtal læknis. [M] spyr hvort þetta hafi verið krampi eða ekki, er ekki sjálfur sannfærður um að svo hafi verið. Er líka að spá í hvort hann verði að vera í 6 mánaða aksturbanni. Verður bókaður í viðtal á Göngudeild hjá [Á], taugalækni sem fer þá betur yfir þetta.“ Þann 12. júní 2023 komi fram í bráðamóttökuskrá varðandi heilsufar að M sé með ADHD og taki lyfið elvanse vegna þess. Í færslu frá 28. apríl 2025 segi í beiðni um myndgreiningu að það hafi verið „Fengin MRI heili á LSH fyrir helgi. Sjást óbreyttar subcortical og periventricular hvítfnisbreytingar líkt og áður (2023). Færsla 30. apríl 2025 Göngudeildarskrá. „Fyrri heilsufar ADHD en annars hraustur. Lyf Elvanse. Venjur: Reykir sjaldan, notar nikótín púða. Drekkur ekki áfengi. Notaði vímuefni áður en hefur ekki notað í 7 eða 8 ár. Notaði áður Mariuana, kókaín, ecstasy, og hefur í eitt skipti notað síru og sveppi.“ Þá komi fram í þessari sömu göngudeildarnótu að „[M] er með fyrri sögu um rannsóknir um heila og mænu fyrir tveimur árum sem sýndi hvítfnisbreytingar sem voru ósértækar og hlóðu ekki skuggaefni.“ Í beiðni um meðferð/rannsókn sama dag segir: „30 ára gamall maður sem er með sögu um ofsakvíðakast 2023 og þá sýndi MRI af heila talsvert af hvítfnisbreytingum sem vöktu grun um demylierandi sjúkdóm en MRI mæna var neg.“ Færsla 2. maí 2025 beiðni um meðferð/rannsókn „[M] er að greinast með MS sjúkdóminn. Fékk einkenni frá hálsænu sem eru væg. Fyrri MRI sýndi eldri lesionir.“

V byggir á að M hafi brotið gegn upplýsingaskyldu sinni við töku váttryggingarinnar, sbr. 2. mgr. 82. gr. og 2. mgr. 83. gr. VSL, með því aðallega að svara neitandi annars vegar spurningunni hvort hann hafi leitað til læknis eða heilbrigðisstofnunar undanfarin þrjú ár og hins vegar með því að svara neitandi spurningunni hvort hann hefði haft sjúkdómseinkenni og/eða leitað læknis vegna taugasjúkdóma svo sem heilablóðfall, flogaveiki, svimi, lömum, mígreni, vöðvarýrnun (muscular dystrophy, MS eða MND).

Áréttar V að M hafi borið að veita rétt og tæmandi svör við framangreindum spurningum. Hann hafi mátt vita að þessar upplýsingar gætu haft verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu. Afleiðingar þess þegar váttryggingartaki vanrækir upplýsingaskyldu sína samkvæmt framangreindu ákvæði séu tíundaðar í 2. og 3. mgr. 83. gr. VSL. V bendir á að rétt rúmu ári áður en M keypti líf- og sjúkdómstryggingu hjá félaginu hafi hann undirgengist viðamiklar rannsóknir vegna gruns um taugaröskunarsjúkdóm. Hann geti engu um þessar rannsóknir í umsókninni. Hefði M upplýst um rannsóknirnar, þ.e. að hann hefði leitað til lækna eða heilbrigðisstofnunar undanfarin þrjú ár hefði V óskað eftir frekari læknisfræðilegum upplýsingum sem lið í áhættumati félagsins. Þá hefði V fengið upplýsingar um hvers eðlis rannsóknirnar voru og í framhaldinu synjað að gefa út líf- og sjúkdómstryggingu. Bendir V á að við töku persónutrygginga búi váttryggingartaki yfir upplýsingum, sem séu nauðsynlegar fyrir áhættumat félagsins sem sé að öllu leyti háð upplýsingum frá váttryggingartaka. Vegna þeirrar upplýsingaskyldu sem hvílir á váttryggingartaka við töku tryggingarinnar hafi verið mikilvægt að M svaraði þeim spurningum, sem félagið óskaði eftir, af heilindum og eftir bestu vitund, svo að stefndi gæti metið váttryggingaráhættuna, skilgreint váttryggingarverndina og ákvarðað iðgjald í samræmi við hana. Telur V að gögn málsins, þ.e. umsókn M um líf- og sjúkdómstryggingu sem og upplýsingar í sjúkraskrá, beri það með sér að M hafi svarað öllum spurningunum neitandi gegn betri vitund. Í sjúkraskrá komi til að mynda fram að M hafi reykt, notar nikótínpuða, hafi átt við vímuefnavanda að etja, sé greindur með ADHD og taki lyf vegna þess og hafi átt við geðræn vandamál að stríða s.s. kvíða og þunglyndi. M hafi bæði neitað að hafi verið með sjúkdómseinkenni sem voru talin geta verið MS, sem hann hafi síðan greindist með rúmu ár seinna, eða að hafa leitað til læknis eða heilbrigðisstofnana undanfarin þrjú ár þrátt fyrir að hafa verið í viðamiklum rannsóknum rétt rúmu ári fyrir tryggingatökuna. V telur að allt framagreint sýni að M hafi vanrækt verulega upplýsingaskyldu sína og að rétt upplýsingagjöf hefði leitt til þess að V hefði óskað eftir frekari upplýsingum um heilsufar M og í framhaldinu synjað að gefa út trygginguna á grundvelli þeirra upplýsinga sem hefðu þá borist. Með vísan til framangreinds ítrekar V þá afstöðu að ábyrgðin hafi fallið

niður vegna verulegrar vanrækslu M á upplýsingaskyldu við töku líf- og sjúkdómatryggingar 25. júní 2024.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 28. nóvember 2025, er framangreindum rökum V hafnað. Er þar m.a. ítrekað að M hafi ekki borið að upplýsa V um niðurstöður rannsókna á því hvort hann væri með MS sjúkdóminn, enda kæmi fram í niðurstöðum þeirra rannsókna að sú hafi ekki verið raunin. M hafi því hvorki verið með MS sjúkdóminn né haft sögu um einkenni þess sjúkdóms þegar hann tók trygginguna 2024. Þá er á það bent að það komi fram í fyrirliiggjandi læknisvottorði að viðkomandi læknir hafi tjáð M það á fundi 18. apríl 2023 að hann væri ekki með MS sjúkdóminn. Telur M sig því eiga fullan bótarétt úr tryggingunni hjá V, m.a. með vísan í þetta vottorð, enda hafi hann ekki veitt V rangar eða ófullnægjandi upplýsingar þegar hann sótti um sjúkdómatryggingu árið 2024. Til viðbótar byggir M á að jafnvel þó lagt yrði til grundvallar að hann hafi veitt V rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sé með öllu ósannað að hann hafi gerð það af ásetningi í því augnamiði að fá bætur eða hærri bætur nokkuð sem sé sett sem skilyrði þess að fella niður eða skerða bætur skv. 1. og 2. mgr. 83. gr. VSL. Auk þess er á því byggt að ef nefndin kemst að þeirri niðurstöðu að V hafi tekist að sanna að M hafi af ásetningi veitt rangar eða ófullnægjandi upplýsingar þurfi engu að síður að líta til 3. mgr. 83. gr. VSL og þeirra sjónarmiða sem þar koma fram þegar metið er hvort B hafi verið heimilt að fella bótarétt M niður á grundvelli 2. mgr. sömu greinar. Færir M síðan fyrir því rök, m.a. með tilvísun í nánar tilgreinda dóma, að undir engum kringumstæðum séu forendur til að skerða bótarétt M nema að hluta. Að lokum telur M að sú staðreynd að M var tvisvar áður neitað um sambærilega tryggingu með vísan til þess að M hafi neitt vímuefna er hann var unglingur, hafi átt að gefa V ástæðu til þess að afla upplýsinga um það atriði áður en tryggingin var gefin út 2024.

Í viðbótarathugasemdum V, dags. 15. desember 2025, eru lögð fram gögn um strangar reglur og verkferla sem gilda við áhættumat við töku tryggingar eins og þeirrar sem M var með. Telur V að þau gögn sýni fram á það með ótvíræðum hætti að ef M hefði upplýst um þær rannsóknir sem hann fór í árið 2023 hefði umsókn hans um tryggingu árið 2024 verið hafnað. Færir V fram rök með tilvísun í hinn framlögðu gögn máli sínu til frekari stuðnings.

Álit.

Eins og að framan greinir gerir M aðallega þær kröfur að fá viðurkenndan bótarétt sinn úr líf- og sjúkdómatryggingu hjá V vegna þess að hann greindist með MS sjúkdóminn árið 2025. Samkvæmt 82. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga er vátryggingartaka skylt að veita rétt og tæmandi svör við þeim spurningum sem vátryggingafélag leggur fyrir hann við umsókn um vátryggingu og jafnframt að veita að eigin frumkvæði upplýsingar um atvik sem hann veit eða má vita að hafi verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu. Samkvæmt 1. mgr. 83. gr. laganna ber vátryggingafélag ekki ábyrgð hafi vátryggingartaki sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína. Til þess að um sviksamlega vanrækslu á upplýsingaskyldu sé að ræða þarf V að sýna fram á að M hafi af ásetningi gefið rangar upplýsingar um heilsufar sitt sem hann veit eða má vita að hafi þau áhrif að hann fái vátryggingu sem hann hefði ella ekki fengið. Í þessu máli hefur V að mati nefndarinnar ekki sýnt fram á að þau skilyrði séu uppfyllt.

Verður því að líta til 2. mgr. 83. gr. sömu laga þar sem fram kemur að hafi vátryggingartaki vanrækt upplýsingaskyldu sína skv. 82. gr. í þeim mæli að ekki telst óverulegt, megi fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta. Ljóst er að M svaraði öllum spurningum í vátryggingarumsókn neitandi, m.a. um það hvort hann hafi leitað læknis vegna eftirfarandi sjúkdóma eða sjúkdómseinkenna: „Taugasjúkdómar svo sem heilablóðfall, flogaveiki, svimi, lömum, mígreni, vöðvarýrnun (muscular dystrophy), MS eða MND?“ Þetta gerir M þrátt fyrir að gögn málsins sýni að hann fór í viðamiklar rannsóknir á fyrri hluta árs 2023 vegna gruns um að hann gæti verið með MS sjúkdóminn. Verður því að telja að M hafi ekki virt upplýsingaskyldu sína samkvæmt 1. mgr. 82. gr. laga um vátryggingarsamninga og hafi vanrækslan verið ekki óveruleg. Nefndin telur hér engu skipta þó niðurstaða rannsókna 2023 hafi verið sú að hann væri ekki með MS sjúkdóminn. Honum hafi engu að síður borið að upplýsa V um þessar rannsóknir við töku tryggingarinnar, enda sé hér um að ræða atriði sem kann að geta haft umtalsverð áhrif fyrir áhættumat V.

Í 3. mgr. 83. gr. laga um vátryggingarsamninga kemur fram að við mat á ábyrgð félagsins skv. 2. mgr. 83. gr. skuli litid til þess hvaða þýðingu vanrækslan hafi haft fyrir mat félagsins á áhættu, hve sök vátryggingartaka var mikil, með hvaða hætti vátryggingaratburður varð og atvika að öðru leyti. Hvað mat á sök M varðar verður að líta til þess að hann svarar öllum spurningum V neitandi þrátt fyrir að hann hafi mátt vita að það væri ekki sannleikanum samkvæmt. Telur nefndin að fyrirliiggjandi gögn

bendi til þess að M hafi haft fulla ástæðu við töku tryggingarinnar að upplýsa V um tiltekin mikilvæg atriði sem sneru að heilsufari, atriði sem M mátti segja sér að gætu skipt máli varðandi áhættumat V samfara því að selja M trygginguna. Þó ekki sé sýnt fram á sviksamlega vanrækslu verður að telja sök M umtalsverða auk þess sem telja verður að framangreind vanræksla M, ekki síst hvað varðar rannsóknirnar fyrri hluta árs 2023, hafi haft umtalsverð áhrif á mat V á áhættunni. Þá hefur V lagt fram upplýsingar varðandi áhættumat félagsins sem V telur að leiði til þess að hefðu fullnægjandi upplýsingar verið veittar við töku tryggingarinnar, hefði M verið neitað um sjúkdómatryggingu. Telur nefndin að þau gögn styrki sönnunarstöðu V. Með hliðsjón af framangreindu er það mat nefndarinnar að V hafi verið heimilt að fella niður ábyrgð sína að fullu, skv. 3. mgr. 83. gr. laga um váttryggingarsamninga.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr líf- og sjúkdómatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 13. janúar 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir